

VINDRAFSTÖÐVAR Í ÞYKKVABÆ DEILISKIPULAGSBREYTING



STEINSHOLT

20. október 2017


Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 43. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt
af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____

f.h. Rangárþings ytra

GREINARGERÐ

Unnið er að breytingu á deiliskipulagi fyrir vindrafstöðvar í Þykkvabæ skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga. Gildandi deiliskipulag var unnið af Steinsholti ehf og er dagsett í ágúst 2013.

Gert er ráð fyrir að núverandi vindrafstöðvar, sem verið hafa í rekstri síðan 2014 verði fjarlægðar og í staðinn reistar nýrri og fullkomnari stöðvar. Ástæðan er m.a. annars sú að önnur stöðin brann og því þörf á að rífa hana.



Mynd 1. Gildandi deiliskipulag fyrir vindrafstöðvar í Þykkvabæ. Dagsett í ágúst 2013.

Eingöngu er um að ræða breytingu á greinargerð og er hér að neðan gerð grein fyrir breytingum. Að öðru leyti gilda ákvæði eldra deiliskipulags, dags. 14. ágúst 2013.

1 BREYTING DEILISKIPULAGS

Kafli 1.1 Skipulagssvæðið

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að reistar verði 2 vindrafstöðvar.

Með breytingu deiliskipulags er gert ráð fyrir að núverandi vindrafstöðvar verði teknar niður og að byggðar verða 2 nýjar vindrafstöðvar.

Fellt er út; „...er gert ráð fyrir að reistar verði 2 vindrafstöðvar,“

Sett inn að „...verða endurnýjaðar tvær vindmyllur, nýrri og tæknilega betri, þar sem öryggiskröfur eru bættar verulega“.

Kafli 1.5 Breytingar að loknum auglýsingartíma

Þessi kafli er felldur út.

Kafli 2 Vindrafstöðvar

Með breyttu skipulagi er áfram ráð fyrir tveimur vindrafstöðvum en þær hækka og umfang vex, samhliða því að hljóðvist batnar lítillega og hægir á snúningi spaða.

Í kafla 2 er breytt: „Gert er ráð fyrir tveim vindrafstöðvum sem hvor um sig verður með um 0,6 MW framleiðslu. Mastur hvorrar vindrafstöðvar er um 53 m hátt röramastur. Neðst er þvermál þess um 3,6 m og efst um 1,8 m. Undirstaða masturs er steipt og er þvermál undirstöðunnar um 10,5 m. Efst á röramastrinu er komið fyrir sjálfum framleiðsluhluta vindrafstöðvarinnar, hverfli og rafal. Spaðar vindrafstöðvarinnar eru þrír, lengd hvers spaða er um 21 m og er heildarþvermálið um 44 m. Þegar hverfilspaðinn fer hvað hæst getur heildarhæðin verið allt að 74 m. Vindrafstöðvarnar verða eins í útliti.

Áætlað er að setja upp spennistöð við hvora vindrafstöð. Jarðstrengur verður lagður frá nyrðri spennistöðinni að þeirri syðri og áfram að spennistöð við Kartöfluverksmiðjuna, sem nýta mun orku frá vindrafstöðvunum. Umfram orka mun fara inn á dreifikerfi RARIK. Rafstrengir verða lagðir meðfram vegi, eftir því sem við verður komið.

Í samræmi við 4 og 5. gr. raforkulaga nr. 65 / 2003 verður aflað heimildar til orkuvinnslu.

Hljóð frá vindrafstöð er allt að 103 dB (A) við túrbínu en er ...“

Eftir breytingu verður kaflinn: „Gert er ráð fyrir tveim vindrafstöðvum. Mastur hvorrar vindrafstöðvar er um 57,5 m hátt röramastur. Neðst er ... og rafall. Spaðar vindrafstöðvar eru þrír. Þegar hverfilsspaðinn fer hvað hæst getur heildarhæðin verið allt að 95 m. Snúningshraði mun verða helmingi lægri en þeirra sem áður voru. Í samræmi ... til orkuvinnslu.

Hljóð frá vindrafstöð er allt að 101 dB (A) við túrbínu en er ...“

3.2 Lóðir

Breyting verður varðandi spennistöðvar, sem verða inn í turnhúsi, ekki utan stöðvar.

Felldur er út texti í lok kafla: „... byggingarkrana og vinnu tengda uppbyggingu. Gert er ráð fyrir spennistöð, við hvora vindrafstöð og verða þær innan byggingareits“.

Eftir breytingu: „... byggingarkrana og vinnu tengda uppbyggingu“.

3.3 Veitur

Breyting verður varðandi spennistöðvar, sem verða inn í turnhúsi, ekki utan stöðvar.

Texti gildandi skipulags: „Gert er ráð fyrir spennistöð sem verður um 2 x 3 m að stærð við hvora vindrafstöð og verða þær staðsettar innan byggingareits. Lagður verður...“

Eftir breytingu; „Gert er ráð fyrir spennistöðvar sem standa nú við hlið núverandi vindhverfla, um 2 x 3 m að stærð verði fjarlægðar. Lagður verður...“

3.4 Kvaðir

Kaflinn verður felldur út þar sem fyrir liggur að ekki er gerð krafa um lýsingu en hún hefur haft neikvæð sjónræn áhrif á íbúa. Í gildandi skipulagi er hann:

„Kvöð er um að í samráði við ISAVIA verði sett viðvörunarljós á topp hvorrar vindrafstöðvar til að stuðla að auknu flugöryggi. Kvöð er um úttekt á hættu á áflugi farfugla, í samvinnu við viðurkenndar rannsóknarstofnanir, á fyrstu fimm árum rekstrartímans“.

4.1 Hönnun og uppdrættir

Grunnflötur nýrra vindrafstöðva verður stærri en þó innan byggingareits. Þá er hæð vindmyllu meiri og umfang hverfils eykst. u.þ.b. 170 m² í stað 110 m² áður. Hæð mannvirkis í miðjan hverfil er 57,5 m. Hverfillinn samanstendur af skrúfuhring sem er rúmir 2 m að þvermáli og þrem vængspöðum, sem hver um sig er 35 metrar að lengd. Heildarþvermál mótors er því rúmir 66 m. Hæð hverfils, í hæstu stöðu er um 95 metrar.

Texti gildandi skipulags: "Grunnflötur vindrafstöðvar er um 110 m² og verður innan byggingareits. Hæð mannvirkis er um 53 m upp í miðjan hverfil. Hverfillinn samanstendur af skrúfuhring sem er rúmir 2 m að þvermáli og þrem vængspöðum sem hver um sig er um 21 m að lengd. Heildarþvermál er því rúmir 44 m. Hæð hverfils, í hæstu stöðu er 74 m".

Eftir deiliskipulagsbreytingu; "Grunnflötur vindrafstöðva verður u.þ.b. 170 m² og verður innan byggingareits. Hæð mannvirkis í miðjan hverfil. Hverfillinn samanstendur af skrúfuhring líkt og þær fyrri sem er rúmir 2 m að þvermáli og þrem vængspöðum sem hver um sig er 35 metrar að lengd. Heildarþvermál mótors er því rúmir 66 m. Hæð hverfils, í hæstu stöðu um 94 metrar".

2 UMHVERFISÁHRIF

Þegar fjallað er um hæð vindorkuvera er venjulega tekin hæð upp fyrir turninn. Nýjar vindrafstöðvar er um 57,5 m í stað 53m hæðar núverandi vindrafstöðva. Hæð hverfilspaða, í hæstu stöðu verður um 95 m en er 74 m í dag. Breytt deiliskipulag hefur **óveruleg/neikvæð** áhrif á ásýnd. Hljóð frá nýjum vindrafstöðvum er heldur minna en frá þeim sem fyrir eru. Sú breyting er metin **óveruleg/jákvæð** á heilsu og vellíðan.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir umhverfisáhrifum, umfram það sem er frá núverandi vindrafstöðvum.

3 NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Ástæða breytingar á deiliskipulagi er að önnur vindrafstöðin brann og vill eigandi þeirra reisa nýja. Ekki fást lengur sams konar vindrafstöðvar og því er gert ráð að endurnýja báðar stöðvarnar, til að ekki verði um tvær ólíkar gerðir að ræða á sama svæði, með tilheyrandi misræmi í útliti, snúningi spaða o.fl.

Nýjar vindrafstöðvar eru heldur hærri sem munar 4,5 m og breidd hverfils er meiri. Öryggi er meira í nýjum vindrafstöðvum auk þess sem þær eru aðeins lágværari en þær eldri. Vindrafstöðvar hafa verið í notkun í nokkur ár í Þykkvabæ og komin er nokkur reynsla af þeim. Þær eru nokkuð sýnilegar en dregið verður úr sýndaráhrifum þeirra með því að ekki verður haft rautt blikkandi ljósi efst á þeim. Ekki er gerð krafa um slíkt ljós af hálfu ISAVIA.

Áflug fugla hefur verið vaktað og hefur ekki verið vandamál.

Ekki þykir ástæða til að breyta skipulagsuppdrætti þar sem afmörkun er óbreytt og þótt hljóðvist batni heldur þá er ekki ástæða til að breyta hljóðkortu.

Því er það niðurstaða sveitarstjórnar að heimila þessa breytingu að undangengu hefðbundnu kynningar- og auglýsingarferli deiliskipulags.

4 GREINARGERÐ

Með áorðnum – dags. 20. okt. 2017

1. INNGANGUR

1.1 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið tekur til um 2,9 ha svæðis í landi Háabæjar í Þykkvabæ (landnr. 165373). Landið er framræst mýrlendi og er allt grasi gróið og að hluta til ræktað land, tún og gamlir kartöflugarðar. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, með síðari breytingum, en þar er gert ráð fyrir allt að 1. ha iðnaðarsvæði. Aðkoma að skipulagssvæðinu er af Þykkvabæjarvegi, um veltengingu að Kartöfluverksmiðju. Áætluð orkuframleiðsla er að hámarki 1,9 MW og er framkvæmdin ekki matsskyld.

1.2 Kortagrunnar

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Grunn gögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnit eru í ISN93.

1.3 Skipulagsgögn

- i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.500.
- ii. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:5.000, sem sýnir staðsetningu svæðisins og líklega staðsetningu vindrafstöðva. Ennfremur er hljóðvist í næsta nágrenni þeirra sýnd.
- iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af breyttum aðalskipulagsuppdrætti fyrir Rangárþing ytra 2010-2022.

1.4 Fornminjar

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins. Norðaustan skipulagssvæðisins er garðlag sem sýnt er á deiliskipulagsuppdrætti. Ekki er heimilt að raska minjum.

2. VINDRAFSTÖÐVAR

Orkuöflun með vindhverflum, af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, er ný hérlandis. Framkvæmdin er ekki matsskyld þar sem uppsett raf afl fer ekki yfir 2 MW, en skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum eru vindbú með uppsett afl 2 MW eða meira tilkynningarskyld skv. viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Gert er ráð fyrir tveim vindrafstöðvum. Mastur hvorrar vindrafstöðvar er um 57,5 m hátt roramastur. Neðst er þvermál þess um 3,6 m og efst um 1,8 m. Undirstaða masturs er stept og er þvermál undirstöðunnar um 10,5 m. Efst á roramastrinu er komið fyrir sjálfum framleiðsluhluta vindrafstöðvarinnar, hverfli og rafal. Spaðar vindrafstöðvarinnar eru þrír. Þegar hverfilsþaðinn fer hvað hæst getur heildarhæðin verið allt að 95 m. Snúningshraði mótors nýju vindrafstöðvanna mun verða helmingi lægri en núverandi vindrafstöðva.

Í samræmi við 4 og 5. gr. raforkulaga nr. 65 / 2003 verður aflað heimildar til orkuvinnslu.

Hljóð frá vindrafstöð er allt að 101 dB (A) við túrbínu en er komið niður fyrir 50 dB (A) í um 125 m og í 40 dB(A) í um 425 m fjarlægð frá vindrafstöðinni. Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaðamengun telst 40 dB (A) vera þau hávaðamörk sem miða skal við á hljóðlátum svæðum í dreifbýli, 50 dB (A) skal vera við húsvegg á íbúðarsvæðum og um 40 dB(A) að nóttu til.

Dreifingin á skýringaruppdrættinum er sýnd miðað við jafna dreifingu út frá vindrafstöðinni, án tillits til bygginga, landslags eða vindáttar.

Að jafnaði er talið að áhrif vindrafstöðva á fuglalíf og annað dýralíf séu minniháttar. Þar sem vindrafstöðvarnar eru á leið farfugla og í nágrenni Safamýrar hefur Arnþór S. Sigfússon fuglafræðingur hjá Verkís gefið álit sitt (minnisblað dags. 07. 08.2013). Samkvæmt því eru litlar líkur á að vindrafstöðvarnar valdi árekstrum við fugla né hafi marktæk áhrif á fuglastofna á svæðinu, en þær eru taldar hafa fælingarmátt í allt að 600 m fjarlægð. Þar sem athugasemdir bárust um að vindrafstöðvarnar væru í farleiðum farfugla verður fylgst með áhrifum þeirra á flug farfugla og hvort verulegt áflug verði.

3. SKILMÁLAR DEILISKIPULAGS

3.1 Aðkoma

Aðkoma að vindrafstöðvunum verður af Þykkvabæjarvegi nr. 25, um veg að Kartöfluverksmiðju og þaðan um nýjan aðkomuveg.

3.2 Lóðir

Afmarkaðar eru tvær lóðir ÞY-01 og ÞY-02, ein fyrir hvora vindrafstöð. Hvor lóð er 70 x 70 m, um 4.900 m². Á byggingarstað verða gerð rúm plön til að skapa athafnasvæði vegna byggingarkrana og vinnu tengda uppbyggingu. Gert er ráð fyrir spennistöð, við hvora vindrafstöð og verða þær innan byggingareits.

3.3 Veitur

Gert er ráð fyrir að spennistöðvar sem standa við hlið núverandi vindhverfla, um 2 x 3 m að stærð, verði fjarlægðar. Lagður verður rafstrengur frá nyrðri spennistöðinni að þeirri syðri. Frá syðri spennistöðinni verður lagður um 130 m langur rafstrengur að spennistöð við Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar.

4. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Grunnflötur vindrafstöðva verður u.þ.b. 170 m² og verður innan byggingareits. Hæð mannvirkis í miðjan hverfil. Hverfillinn samanstendur af skráfuhring sem er rúmir 2 m að þvermáli og þrem vængspöðum sem hver um sig er 35 metrar að lengd. Heildarþvermál mótors er því rúmir 66 m. Hæð hverfils, í hæstu stöðu er um 94 metrar.